




Björn Magnússon,
starfsmaður Bilastæðasjóðs

Ég mæli með málbandi. Af því að það er einfaldlega best.

Farfuglarnir hópast til brottfarar: Kveðjast með djassi

TÓNLEIKAR Með haustinu eru það ekki bara farfuglarnir sem hópast saman og fara utan með fjaðrabýtt og söng. Þeir Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari og Árni Heiðar Karlsson píanóleikari eru að fara utan til náms í haust og munu halda kveðjutónleika á Húsi Málars. Meðleikarar þeirra á tónleikunum eru þeir Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari og Erik Qvick trommuleikari. Andrés er á leið til Hollands, en Árni Heiðar til Bandaríkjanna.




Andrés segir að þeir hafi spilað saman bæði tveir saman og með fleirum, bæði meðan þeir voru saman í Tónlistarskóla FÍH og eins eftir að því námi lauk. Andrés segir að efnisskráin sé hefðbundinn djass. „Við verðum þarna

með frumsamið efni eftir okkur báða og einnig gamla húsganga djassins. Svo gerist alltaf eitthvað óvænt þegar menn koma saman.“ Tónleikarnir verða eins og áður segir í Húsi málarsins í kvöld kl. 21. ■

Listasafnið á Kjarvalsstöðum: Minningar um ey

MYNDLIS Kanadíski listmálarinn Louise Jonasson opnar sýningu í miðrymi Listasafns Reykjavíkur Kjarvalsstöðum í dag kl. 17.00. Sýningin ber yfirskriftina Minningar um ey eða Island Souvenir. Tilefni sýningarinnar má rekja til heimsóknar forsætisráðherra Manitóba, Gary Doer, til Íslands en að hans ósk sýnir Louise verk sín hér á landi sem fulltrúi þeirra Íslendinga sem flutt hafa vestur um haf. Myndir Louise eru sterk sjálfstæð listaverk og fer hún ótröðnar slóðir við gerð verka sinna. Louise kemur í fyrsta skipti til Íslands í tilefni sýningarinnar. Sýningin stendur til 9. september. ■



Japanskt góðgæti: Loksins hægt að taka heim

VEITINGASTAÐIR Japanski veitingastaðurinn Sticks'n'Sushi hefur opnað „takeaway“ veitingastað í Nýkaupi í Kringlunni. Nú er loksins hægt að sækja þangað óviðjafnanlegt japanskt góðgæti og taka með heim eða borða það á staðnum. Boðið er upp á fjölda tegunda af sushi ásamt misó súpu. Einnig verður hægt að kaupa á staðnum fyrsta flokks hráefni sem notað er til japanskrar matargerðar. ■

Heildarnám
A - hluti 1. stig
CRANIO 10.-15. nóvember
FÉLAG HÖFUÐBEINA OG SPJALDRHYGGJAFNARA
www.cranio.simnet.is
Gunnar 699 8064 Margeir 867 7469

Flugslysið Skerjafirði.
Söfnunarsímar
Ef hringt er í eftirtalin númer gjaldfærast af reikningi símans, sem hringt er úr, sem hér segir:
Sími 907 2007 - 1.000,- kr
Sími 907 2008 - 2.500,- kr
Sími 907 2009 - 5.000,- kr
Bankar. er no. 1175-05-409940

GRÖTTA
Áhaldafimleikar, almennir fimleikar, hóp-fimleikar og íþróttaskóli.
Innritun verður 27., 28. og 29. ágúst frá kl: 16:00 til 19:00
í sínum: 561 2504, 698 8824, 862 0065 eða á staðnum
Góð fimleika aðstaða og reyndir þjálfarar.
Æfingar hefjast 3. september

MÁNUDAGURINN 27. ÁGÚST

Síðustu forvöð

Á efri hæð **Hafnarborgar** stendur sýning á ljósmyndum eftir Hans Malmberg frá því um 1950. Sýningin nefnist **Ísland 1951** og er í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Sýningunni lýkur í dag.

Í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, stendur yfir sýning á ljósmyndum sænska ljósmyndarans **Hans Malmberg**, en hann var á sinni tíð í hópi fremstu blaðljósmyndara Svía. Ljósmyndasýningin **Ísland 1951** sýnir Íslendinga við leik og störf jafnt í sveit sem í borg á árunum 1947-1951. Sýningin er í samvinnu Hafnarborgar og Þjóðminjasafns Íslands. Sýningunni lýkur í dag.

Margrét Reykdal sýnir málverk í **Sverrisal Hafnarborgar**, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Sýningunni lýkur í dag.

Kristín Sigríður Garðarsdóttir sýnir leirverk í **Listhúsi Ófeigs**, Skólavörðustíg 5, Reykjavík. Verkin á sýningunni eru úr postulini steypu í gífsmót, einnig handmótuð form úr postulini og grófum steinleir. Opnið virka daga frá 10 til 18 og laugardaga 11 til 16. Sýningunni lýkur á miðvikudag.

Ungur Norðmaður, **Stian Rønning**, sýnir nú í Gallerí Geysi við Ingólfstorg. Sýningin hefur yfirskriftina **Sérð Þú það sem Ég sé**. Hann sýnir ljósmyndir sem eru teknar á Thailandí, Laos, Noregi og Ísland á árunum 1999 til 2001. Sýningin stendur út mánuðinn.

SÝNINGAR

Forn tré í Eistlandi er yfirskrift sýningar á ljósmyndum sem eistneski ljósmyndarinn Hendrik Relve hefur tekið. Í **Norræna húsinu** eru 18 ljósmyndir til sýnis í anddyri hússins. Sýningin er sett upp í tengslum við Menningarhátið Eystrasaltsríkjanna á Norðurlöndum sem stendur yfir frá 1. september til 1. nóvember 2001. Sýningin er opin daglega kl. 9 til 17, nema sunnudaga kl. 12 til 17. Sýningin stendur til 23. september.

Í **Byggðasafni Hafnarfjarðar** standa yfir sýningar **Blóðug vígaferli og Götulíf víkinganna í York**. Um er að ræða tvær sýningar, annars vegar endurgerð á götu í víkingaborgi og hins vegar sýningu þar sem má sjá beinagrind og hauskipun víkinga sem féllu í bardögum. Sýningar eru opin alla daga frá 13 til 17 og standa til 1. október.

Á ferð um landið með **Toyota** er yfirskrift sýningar Fókuss, ljósmyndaklúbbs áhugamanna. Sýningin er í salarkynnum nýrra bíla Toyota við Nýbýlaveg í Kópavogi. Ljósmyndir á sýningunni voru teknar á ferð klúbbsins um Suðurlandshálendið, í Þjórsárdal, Veidivötnum, Dómadal, Landmannalaugum og víðar. Sýningin er opin á opnunartíma söluveildar Toyota.

Páll Ásgeir Ásgeirsson hefur gefið út tvær bækur í sumar:

Líkar bækur en ólík viðfangsefni

BÆKUR Óhætt er að fullyrða að Hálandishandbók Páls Ásgeirs Ásgeirssonar sé metsölubók sumarsins enda mun vera langt síðan bók hefur selst jafnmörgum eintökum utan vertíðar. Páll Ásgeir er umsjónarmaður helgarblaðs DV og hefur gefið út allnokkrar bækur.

Á dögnum kom út önnur bók sumarsins eftir hann, Fóstbræðralag, saga Karlaðórsins Fóstbræðra í níutíu ár. „Það er sérkennileg tilviljun að bækurnar skuli koma báðar út sama sumarið,“ segir Páll Ásgeir en Fóstbræðralag skrifaði hann fyrir nokkrum árum þótt útgáfan hafi dregist fram á þetta ár. „Það er skemmtilegt að sagan skuli koma út á þessu ári þegar kórinn hefur unnið merka sigra,“ segir Páll en kórinn hefur þrisvar tekið þátt í alþjóðlegum kórakeppnum og nú í sumar vann hann gullverðlaun í keppni í Prag.

Hálandishandbókina skrifaði Páll Ásgeir á árinu 2000. „Ákvörðunin um að skrifa bókina var tekin í ársbyrjun. Við notuðum veturinn til þess að lesa og sumarið til að ferðast en erum þarna að draga saman áratuga ferðareynslu.“

Páll segir að í Hálandishandbókinni sé gengið út frá því að drifkraftur ferðalangsins sé að skoða náttúruna og koma á merka sögustaði en ekki löngunin til að geta sagst hafa farið



FERÐAFÉLAGAR

Páll Ásgeir Ásgeirsson og eiginkona hans og ferðafélagi, Rósa Sigrún Jónsdóttir hafa ferðast vítt og breitt um landið á Land Rovernum sínum.

langan og torfarinn slóða á jeppanum sínum. „Markmið bókarinnar er öðrum þræði að reka fólk út úr bílunum og fá það til að skoða sig um.“

Fólk hefur tekið Hálandishandbókinni fagnandi og greinilegt er að mikil þörf var fyrir bók sem þessa. „Við trúðum auðvitað á hugmyndina en við reiknuðum alls ekki með að hún myndi ganga eins og hún hefur gengið.“ Fjöldi jeppa á landinu mun vera um 25.000 þannig að markhópur Hálandishandbókarinnar er

vissulega stór. Af sjálfu leiðir að markhópur Fóstbræðralags er af annarri stærðargráðu. „Eigum við ekki að segja að ég treysti því að hún muni njóta mikilla vinsælda í þröngum hópi,“ segir Páll Ásgeir.

Páll segir bækurnar í raun vera líkar. „Það er verið að fjalla um fyrirbæri sem býður upp á ítarlega umfjöllun og spardátning en við kjósum að velja úr og segja ekki allt,“ segir Páll Ásgeir Ásgeirsson.

steinunn@frettabladid.is

MYNDLIST

Gluggasýning **Ingibjargar Þ. Guðmundsdóttur** stendur í **Gallerí Sneglu**. Sýningin ber heitið Himinn og jörð og stendur til 7. september.

Sýning **Bjarna H. Þórarinssonar** sjónháttarfræðings stendur nú í **ReykjavíkurAkademíuni** í JL-húsinu Hringbraut 121 en hann er meðal þeirra listamanna sem

hljóta starfslaun Reykjavíkurborgar á þessu ári. Bjarni sýnir úrval af verkum sínum undanfarin ár. Sýning Bjarna er opin kl. 9 til 17 virka daga og stendur til 1. október.

Gunnar Gunnarsson sálfræðingur og myndlistamaður sýnir í **Lóuhreidrinu** í Kjörgarði. Sýningin er opin virka daga frá kl. 9 til 18 og stendur út september.

Árni Rúnar Sverrisson opnaði um helgina málverkasýningu í **Gallerí Reykjavík** sýningarsal Skólavörðustíg 16. Yfirskrift sýningarinnar er Land og landbrot. Á sýningunni eru olíumálverk, unnið á síðastliðnum tveimur árum, nokkur þeirra máluð í vinnustofu í Palermo á Sikiley. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá kl. 11 til 16. Sýningin stendur til 5. september. ■

101 Reykjavík gerir viðreisit:

Góðar viðtökur

KVIKMYNDIR Kvikmyndin 101 Reykjavík eftir Baltasar Kormák var frumsýnd í Danmörku á dögunum. Myndin var sýnd á hátíðinni A Taste of Iceland og fékk einróma lof gagnrýnenda. Myndin er sýnd í Kaupmannahöfn, Árósum og Óðinsvéum og hefur fengið góða aðsókn. Danskir blaðamenn hafa sýnt myndinni og leikstjóra hennar mikinn áhuga.

Myndin var einnig frumsýnd um helgina í Los Angeles og hafa gagnrýnendur tekið henni vel. ■

Light Nights:

Draugar og forynjur

LEIKHÚS Í kvöld verður síðasta sýning sumarsins á Light Nights í Iðná. Á efnisskránni eru 14 atriði byggð á íslensku efni. Draugar og forynjur og margs konar kynja-verur koma við sögu og síðari hluti sýningarinnar fjallar að stórum hluta um víkinga. Skyggjur eru sýndar milli atriða og tengjast þær leikhjóðum, tónlist og tali.

Kristín G. Magnúss leikur öll hlutverk in sýningunni að undanskildum ónafngreindum draugum sem birtast í Djáknunum á Myrká. Sýningin er flutt á ensku og hefst kl. 20.30. ■



VÖLVAN

Kristín G. Magnúss leikkona í hlutverki völvunnar í Ragnarökum Völuspár.